

28. janúar 1986

101

Nr. 51

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir íslenskar hafnir nr. 32
20. janúar 1986.

1. gr.

10. gr. orðist þannig:

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipt til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 28. janúar 1986.

F. h. r.

Ólafur S. Valdimarsson.

Sigurður Skúli Bergsson.

22. janúar 1986

REGLUGERÐ

Nr. 52

um niðurfellingu reglugerðar nr. 17 24. janúar 1978, sbr. nr. 23 13.
janúar 1983 og nr. 154 10. mars 1983 um takmörkun leigubifreiða í
Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Reglugerð nr. 17 24. janúar 1978, sbr. nr. 23 13. janúar 1983 og nr. 154 10. mars 1983 um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa er hér með felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 22. janúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.